

# Nú er einfalt að velja hollara



Skrárgatið er opinbert samnorrænt merki sem nýverið hefur verið tekið til notkunar hér á landi. Markmiðið með Skrárgatinu er að auðvelda neytendum að velja hollari matvöru á einfaldan og fljótlegan hátt.

Skrárgatið má finna á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Vörur sem bera merkið eru hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera merkið. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetur slíkt merki matvælaframleiðendur til að þróa hollari vörur og stuðlar þannig að auknu úrvali af hollum matvælum á markaði.

Við hvetjum þig til að kynna þér efni um Skrárgatið á [skraargat.is](http://skraargat.is).

Með kærri kveðju  
Embætti landlæknis  
og Matvælastofnun

Lestu meira um  
Skrárgatið á  
[skraargat.is](http://skraargat.is)



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health